

Breikkun vega – Útdráttur

Fjallað verður niðurstöður af rannsóknarverkefni er lítur að breikkunum vega.

Tilgangur verkefnisins var að safna saman reynslu og þekkingu á á breikkunum vega og skrifa hönnunarleiðbeiningar þar um.

Markmiðið er að breikkanir vega verði ávallt þannig úr garði gerðar að ekki verði vart mismunar á yfirborði þótt nýtt slitlag eða yfirborð nái bæði yfir eldri og nýja hlutann.

Í árána rás hafa vegir verið breikkaðir eða lagðir að nýju í gömul vegstæði. Ósjaldan hefur það gerst að nýi hlutinn hafi sprungið eða sigið frá eldri hlutanum. Hefur þá myndast langssprungu eða langsrifa eftir veginum svo og hæðarmunur á gamla kjarnanum og nýju breikkunarinnar. Þverhalli breikkunarinnar hefur aukist um leið. Þetta veldur verri aksturskilyrðum, aukinni slyshættu og síðast en ekki síst ótímabærum og kostnaðarsömum viðgerðum.

Á næstu árum verða þjóðvegir landsins endurbyggðir til að uppfylla kröfur um aukið burðarþol, aukin aksturþægindi og aukið umferðaröryggi. Mestur hluti veganna verður þó einungis breikkaður þar sem lega þeirra er víðast hvar í lagi.

Vegir landsins eru byggðir upp á margvíslegan máta. Slitlög er ýmist klæðing eða malbik. Enn finnast vegir með malarslitlagi svo og steinsteyptir vegir. Burðarlög eru yfirleitt óbundin en seinni tíð hafa burðarlög eldri vega verið fest, að mestu með asfalti þótt sementsfestun fyrirfinnist.

Margir hafa komið að þessum aðgerðum og flestir þeirra hafa skoðanir á því hvernig vinna skuli verkin svo vel fari. Reynslan er hins vegar ólygnust og þrátt fyrir margvíslegar mælingar, bæði á yfirborði og burðarþoli, jarðefnisathugunum o.þ.h. hafa menn ekki haft erindi sem erfiði.

Í væntanlegum leiðbeiningunum er fjallað um öll þekkt vandamál við breikkun vega. Gerð er grein fyrir æskilegri eða nauðsynlegri gagnaöflun um þann veg sem skal breikka og hvaða rannsóknir verði að ráðast í. Hvorugtveggja verður tengd umferðarþunga. Tæpt er á helstu verkþáttum. Fjallað er um mismunandi styrk undirstöðu, hugsanlega fergingu, afvötnun og frostverkun.

Í leiðbeiningunum er ekki fjallað um kostnað né ávinning (arðsemi) við breikkanir. Breidd vega hefur t.d. áhrif á óhappatíðni, líftíma og aksturþægindi.

Vonir standa til að netútgáfa leiðbeininganna líti dagsins ljós í svartasta skammdeginu.